



ÁRSSKÝRSLA SKÓLAÁRIÐ 2016-2017

LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR



JÚLÍANA TYRFINGSDÓTTIR
LEIKSKÓLASTJÓRI

EFNISYFIRLIT

1. Almennar upplýsingar.....	3
1.1 Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými pr.barn, heildarrými ofl.)	3
1.2 Breytingar og viðhald	3
2. Starfsgrundvöllur.....	4
2.1 Áherslur og markmið.	4
2.2. Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður.	4
2.2.1 Umbótaáætlun	4
2.3. Skipulag (dagskipulag, þemavinna).....	5
3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2016-2017	5
3.1. Framkvæmd starfsáætlunar.	5
4. Starfsmenn.....	6
4.1 Fjöldi starfsfólks og menntun. Breytingar á starfsliði (starfsmannavelta) – ástæður og afleiðingar	6
4.2 Fundir (morgun-, deildar-, deildarstjóra-, fag- og samráðsfundir)	6
4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun.....	7
5. Börn.....	7
5.1 Fjöldi barna (aldur, árgangar, barngildi, dvalartímar)	7
5.2 Börn sem njóta sérkennslu	7
6. Foreldrasamstarf.....	8
6.1 Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi	8
6.2 Foreldrafundir, foreldrafræðsla.....	8
6.3 Foreldraviðtöl.....	8
6.4 Fréttabréf	8
6.5 Foreldrafélag	8
6.6 Foreldraráð.....	8
7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf.....	9
7.1. Samstarf við skólaþjónustu	9
7.2 Samstarf við grunnskóla	9
7.3 Samstarf við háskólana	9
7.4 Annað samstarf	9
8. Lokaorð.....	9
Fylgiskjöl.....	10

Leikskólinn Jötunheimar

Heimilisfang: Norðurhólar 3, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-6370

Netfang: jotunheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://jotunheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1.1 Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými pr.barn, heildarrými ofl.)

Leikskólinn Jötunheimar hóf starfsemi sína 8. september 2008 með sameiningu leikskólanna Glaðheima og Ásheima í nýju húsnæði við Norðurhóla 3. Húsnæðið er 980m² og það geta 135 börn dvalist í einu.

Húsnæði og búnaður leikskólans er sniðinn að þörfum barna og starfsmanna og því starfi sem þar fer fram. Leikskólinn er 6 deilda, þrjár deildir yngri barna og þrjár deildir eldri barna. Deildum og öðrum vistarverum voru gefin nöfn gamalla húsa í sveitarfélaginu Árborg. Innan dyra hefur hver deild þrjár stofur og geymslu til umráða og þar er öllu komið fyrir þannig að börnin hafi gott aðgengi að leikföngum og leikefniviði. Húsgögn eru í lágmarki og ekki látin taka of mikið rými svo gott pláss er til leikja á gólfi. Stór salur er í húsinu og skiptist notkun hans milli deilda. Þar fer fram skipulögð hreyfing og er hann einnig notaður fyrir ýmsar uppákomur eins og leiksýningar, jólaball, myndlistarsýningar, fundi og fleira.

Efniviður til leikja er fjölbreyttur og samanstendur af leikföngum og endurnýtanlegu efni sem hægt er að umbreyta í það sem hugmyndir barna og starfsfólks gefa kost á hverju sinni.

Lóð leikskólans er stór og býður upp á marga möguleika í leik og starfi. Umhverfi leikskólans býður upp á góðar gönguleiðir og í næsta nágrenni skólans er skógur þar sem hægt er að fara í vettvangsferðir.

1.2 Breytingar og viðhald

Í vetur var töluverð vinna lögð í að lagfæra þau atriði sem bent var á í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins og frá Brunavörnum Árnessýslu.

Kastalinn á lóðinni var fjarlægður og í staðin fengum við annan sem hentar betur börnum á leikskólaaldri.

Bílastæði fyrir fatlaða var sett eldra megin þannig að nú eru bílastæði við báða enda á húsinu. Fyrir miðju hússins eru skammtímastæði. Enn er þó rík krafa að fjölga bílastæðum við leikskólann og hefur það komið ítrekað fram í foreldrakönnun leikskólans. Brýnt er að fara í þessar framkvæmdir á næsta ári.

Útboð var gert á ræstingu í leikskólanum sem tók gildi í ágúst 2016.

2. STARFSGRUNDVÖLLUR

2.1 Áherslur og markmið.

Skólastarf Jötunheima byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 með breytingum sem tóku gildi 8. apríl 2009 og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í febrúar 2011. Aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um starf leikskóla og hver skóli markar sér sína leið að markmiðum hennar með gerð skólanámskrár. Í júní 2015 kom út ný skólanámskrá Jötunheima þar sem fram koma áherslur og sérstaða í starfinu. Í Jötunheimum er áhersla lögð á leikinn sem námsleið barnsins. Kjörorð leikskólans eru LEIKURINN Á VÍSDÓM VEIT og var það ákveðið á skipulagsdegi í febrúar á þessu ári af öllu starfsfólki leikskólans. Allt daglegt starf leikskólans miðast við að kenna námsþættina í gegnum leik. Í gegnum leikinn læra ung börn best með því að fá að prófa sig áfram og þróast og þroskast á eigin forsendum undir leiðsögn kennara.

2.2. Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður.

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt.

Skólapúlsinn lagði fyrir foreldrakönnun á skólaárinu og unnu starfsmenn leikskólans úr þeim niðurstöðum á vordögum. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar og verður henni gerð nánari skil hér að neðan.

2.2.1 Umbótaáætlun

Heildarniðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins er sú að unnið er gott starf í Jötunheimum. Hér verða helstu niðurstöður dregnar saman en umbótaáætlunin í heild sinni má finna á heimasíðu leikskólans.

- Daglegt starf
 - Í heild eru foreldrar og börn ánægð með leikskólann sinn og leggjum við okkur fram við að taka hlýlega á móti öllum og veita góðar upplýsingar um leikskóladvöl barnsins. Mikill metnaður er lagður í hollan og góðan mat.
- Námsumhverfi
 - Við teljum mikilvægt að öll börn séu þátttakendur í skólastarfinu okkar og að félagsleg samskipti fari fram í gegnum leikinn undir leiðsögn kennara. Leikurinn er okkar kennsluaðferð og markmið okkar er að börnin fái góðan tíma, hvetjandi námsumhverfi og fjölbreyttan efnið til að verða sjálfstæðir og sjálfsöruggir einstaklingar.
- Samskipti við foreldra

- Starfsfólk Jötunheima leggur metnað sinn í að eiga góð samskipti við foreldra. Upplýsingagjöf er með ýmsum hætti þannig að allar upplýsingar eru að komast á framfæri.
- Upphaf og lok leikskólagöngu
 - Almenn ánægja er með upphaf og lok leikskólagöngu barnanna.

2.3. Skipulag (dagskipulag, þemavinna)

Á skóladagatali sem er í viðhengi koma fram viðburðir ársins og á heimasíðu hverrar deildar var birt dagskipulag vetrarins.

Leikskólinn opnar 7:45 og boðið er upp á morgunmat frá 8-9:30. Eftir þann tíma hefst skipulagt starf. Hádegisverður er framreiddur frá 11:15-12:30. Eftir hádegi tekur við hvíld hjá yngri börnum. Skipulagt starf heldur áfram eftir hádegi og fram að síðdegishressingu sem er um klukkan 15:00. Börnin leika sér þar til þau fara heim en eftir klukkan 16:15 var sameinast á eina deild til klukkan 16:30.

3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2016-2017

3.1. Framkvæmd starfsáætlunar.

Á vormánuðum 2016 fengu allar deildir óútfyllt leikskóladagatal inná deild til sín og fengu það verkefni að koma með tillögur að viðburðum sem væri unnið í samstarfi við starfsmenn og börn. Deildarstjórar komu því næst með dagatölin á deildarstjórafund þar sem leikskóladagatalið var útbúið. Þar koma fram ýmsir viðburðir og upptakur sem voru á dagskrá hjá okkur í vetur.

Í starfsáætluninni lögðu deildirnar áherslu á læsi, lýðræði, heilbrigði og velferð. Lagt var af stað með að allir starfsmenn leikskólans lesu grunnhefti aðalnámskrár leikskóla um heilbrigði og velferð. Ákveðið var í september að fresta lestri vegna þátttöku Jötunheima í þróunarverkefninu Námsmat á mörkum skólastiga.

Í vetur hafa allir leik- og grunnskólarnir í Árborg ásamt FSU unnið saman í þróunarverkefninu Námsmat á mörkum skólastiga. Unnið er að lokaskýrslu sem verður birt í haust. Við í Jötunheimum erum þess fullviss að þetta þróunarverkefni hafi gagnast okkur vel. Það hefur opnað á umræður um innviði skólans, breytingar á þeim og aukið samvinnu kennara þvert á deildir sem styrkir okkur í starfi og eykur fagmennsku kennara. Við lögðum áherslu á að allir kennarar gætu á starfsdögum verið þátttakendur í þróunarverkefninu og hluti af teyminum. Það er mikill kraftur í kennarahópnum og við ætlum ótrauð að halda áfram að gera enn betur. Við viljum meina að þetta þróunarverkefni hafi verið lærdómsríkt og gott veganesti fyrir framtíð okkar.

Í vor sóttum við um styrk til Sprotasjóðs fyrir skólaárið 2017-2018 vegna þróunarverkefnisins „Við erum eins og samfélag” – Uppbygging lærdómssamfélags í Jötunheimum. Samþykkt var að veita okkur styrk að upphæð kr. 2.000.000.- Markmið þessa verkefnis er ætlað að auka fagmennsku kennara, styrkja starfsaðferðir kennara og efla skólamenningu Jötunheima.

4. Starfsmenn

4.1 Fjöldi starfsfólks og menntun. Breytingar á starfsliði (starfsmannavelta) – ástæður og afleiðingar

Í vetur var 41 starfsmaður starfandi í Jötunheimum í mismunandi stöðum og stöðuhlutföllum.

Ráðið var í stöðu sérkennslustjóra frá 1. ágúst 2016 og var gengið frá ráðningu við Rannveigu Bjarnfinnsdóttur.

Töluverður stöðugleiki einkennir starfsmenn Jötunheima og ánægjulegt er að sjá fjölgun þeirra sem hafa áhuga á að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða. Einn starfsmaður brautskráðist sem leikskólaliði frá Fræðsluneti Suðurlands í júní og stundað það nám utan vinnutíma. Í vetur voru tveir starfsmenn í leikskólakennaranámi og lauk annar diplómu í leikskólakennarafræðum núna í vor. Einn var í meistaranámi í sérkennslufræðum og leikskólastjóri er í doktorsnámi við Háskóla Íslands. Þessir starfsmenn þurftu að mæta í háskólana í staðlotur á vinnutíma. Það sést á þessum tölum að mikill áhugi er fyrir þróun og framsækni í starfsmannahópnum og er það mjög jákvætt. Starfsmenn eru mannauður leikskólans og honum ber að hlúa að, hvetja og styrkja. Það er trú okkar að með áframhaldandi hvatningu þá fjölgi leikskólakennurum í Jötunheimum.

4.2 Fundir (morgun-, deildar-, deildarstjóra-, fag- og samráðsfundir)

Morgunfundir eru haldnir klukkan 8:15 á hverjum morgni og er miðað við að þeir séu ekki lengur en fimm mínútur. Þar er farið yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn. Starfsmenn voru sammála því að það hafi betri tilfinningu fyrir húsinu með því að hafa þessa fundi og stjórnendur finna einnig fyrir meiri yfirsýn starfsfólks yfir húsið í heild. Mjög mikilvægt er samt að passa tímastjórnun og að hafa fundina hnitmiðaða og stutta.

Í vetur hefur hver deild fengið deildarfund í hálf tíma einu sinni í viku. Það hefur reynst starfi leikskólans vel að funda einu sinni í viku því það skilar markvissri og faglegri vinnu.

Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku á þriðjudögum kl 13:00-14:00. Á þeim fundum sitja aðilar stjórnunarteymisins og fara yfir starf leikskólans. Deildarstjórar voru sammála því að fundirnir gengju vel, væru hnitmiðaðir og að þær ákvarðanir sem teknar eru sé fylgt eftir.

Samráðsfundur deildarstjóra eldri deilda hafa verið nokkrir á skólaárinu. Deildarstjórar yngri deilda hafa einnig fundað reglulega. Allir voru sammála um að þessir fundir styðji við starfið á deildunum, auki samræmi, sýnileika og væri góð handleiðsla fyrir deildarstjóra.

Ekki var hægt að halda fagfundi á skólatíma í vetur vegna anna og starfsmannahalds.

4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun.

Fimm skipulagsdagar voru á skólaárinu. Sá fyrsti var 18. ágúst frá klukkan 8:00-12:00 og var hann nýttur til að skipuleggja komandi skólaár og gera starfsáætlun. 17. nóvember frá klukkan 8:00 – 16:00. Við fengum fyrilestur og fræðslu um flog, trúnaðarmenn FL og FOSS voru með kynningar fyrir sína félagsmenn, umræður um heilsueflandi samfélag, deildarfundir og fleira. Eftir hádegi var fyrirlestur hjá Önnu Elísu Hreiðardóttur tengdur þróunarverkefninu. 2. janúar frá klukkan 8:00 – 16:00 var helgaður þróunarverkefninu. 21. febrúar frá klukkan 8:00-12:00 var unnið að þróunarverkefninu. 19. og 21. apríl voru síðustu skipulagsdagar skólaársins og fór leikskólinn í náms- og kynnisferð til Aberdeen í Skotlandi. Á heimasíðu leikskólans má sjá skýrsluna.

Haustþing 8. deildar FL og FSL var haldið 7. október í Hótel Selfoss og stóð öllum starfsmönnum til boða að fara þangað og hlusta á fjölbreytta fyrirlestra.

Á skólaárinu sóttu margir kennarar sér endurmenntun í formi fjölbreyttra námskeiða og fyrirlestra.

Tveir starfsmenn Jötunheima héldu erindi á Ráðstefnu um menntun barna.

5. Börn

5.1 Fjöldi barna (aldur, árgangar, barngildi, dvalartímar)

Fjöldi barna í leikskólanum haustið 2016 er 130

Aldursskipting er þannig:

- Börn fædd 2011 eru 40
- Börn fædd 2012 eru 28
- Börn fædd 2013 eru 28
- Börn fædd 2014 eru 22
- Börn fædd 2015 eru 12

Dvalartími	Fj. barna
4 tímar	1
5 tímar	1
6 tímar	4
7 tímar	9
8 tímar	40
9 tímar	75

5.2 Börn sem njóta sérkennslu

Börn sem falla undir viðmið sem lúta að sérkennslu fengu hana hjá sérkennslustjóra í litlum hópum í viðbót við það starf sem unnið er á deildum.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2 og þau sem komu slök út fengu auka tíma í þjálfun.

Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

6. Foreldrasamstarf

6.1 Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við lítum svo á að það sé börnunum fyrir bestu að við gefum sem mestar upplýsingar og þær komi einnig frá foreldrum. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að málin séu rædd jafnóðum ef eitthvað kemur upp á.

Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt. Þar má meðal annars nefna foreldrakaffi í desember, jólaballið og vorhátíð.

6.2 Foreldrafundir, foreldrafræðsla

Kynningarfundir fyrir foreldra voru 20., 21. og 22. september á eldri deildum og 27., 28. og 29. september á yngri deildum.

6.3 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl fóru fram á vorönn en foreldrum var boðið í haust að koma í samtal þegar fyrstu niðurstöður úr TRAS lágu fyrir.

6.4 Fréttabréf

Fréttabréf var gefið út þrisvar sinnum á skólaárinu, í desember, apríl og júní. Fréttir voru að öðru leiti settar á heimasíðu leikskólans, jotunheimar.arborg.is.

6.5 Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi. Foreldrafélagið buðu meðal annars upp á vasaljósaferð, gjöf til útskriftarnemenda, myndatöku í leikskólanum og fengu Skoppu og Skrítlu til að skemmta börnunum ásamt fleiru. Við fengum einnig góðar gjafir frá þeim og færum við þeim þakkir fyrir.

6.6 Foreldraráð

Í vetur var starfsrækt foreldraráðs í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir

sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var með foreldraráðinu í vetur þar sem þau komu að málefnum leikskólans.

7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

7.1. Samstarf við skólaþjónustu

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur. Þar gátum við nýtt okkur sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðing, sálfræðing og kennsluráðgjafa.

7.2 Samstarf við grunnskóla

Nemendur fyrsta bekkjar komu í tvær heimsóknir í leikskólana á haustönn. Á vorönn fórum við í heimsókn í báða skólana þar sem börnin fengu kynningu á skólunum. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi í tvo daga í senn. Gert hefur verið endurmat á samstarfi leik- og grunnskóla sem mun nýtast í áframhaldandi samvinnu. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann.

7.3 Samstarf við háskólana

Á skólaárinu vorum við með tvo 2. árs leikskólakennaranema nema í vettvangsnámi frá HÍ að hausti og vori. Eins fengum við einn nema frá HA.

7.4 Annað samstarf

Í vetur vorum við í góðu samstarfi við alla leikskólana í Árborg, alla grunnskólana og FSU í gegnum þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skólastiga.

8. Lokaorð

Skólaárið 2016-2017 var í senn viðburðaríkt og skemmtilegt. Það einkenndist af fagmennsku og þrótti sem skilar sér í öflugum leikskólastarfi. Við munum halda áfram að þróa það góða starf sem nú þegar á sér stað hér í Jötunheimum og stefnum að sjálfsögðu áfram og lengra. Hnikum við þó ekki frá því að halda leiknum sem kennsluaðferð hátt á lofti því *leikurinn á vísdom veit*.

Selfoss, 3. júlí 2017

Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri

FYLGISKJÖL

Skóladagatal Jötunheima

Leikskóladagatal 2016 - 2017

Nafn leikskóla: Jötunheimar

Ódagsettir viðburðir á skólaárinu:
Í júní - Vorhátíð (nánar auglýst síðar)

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Fridagur vinstunemma	1 F	1 L Blekur mánuður	1 Þ	1 F Fullveldisdagurinn	1 S Nýlrsdagur	1 M	1 M Óskudagur	1 L Blár mánuður	1 M Verklyfsdagurinn	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M Starfsdagur - Lokab	2 F	2 F	2 S Dagur barnabókarinnar	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F Dagur stærðfræðinnar	3 F	3 M Vorskið i Vallasíða	3 M	3 L	3 M
4 F Leikskólinn opnar	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ Vorskið i Vallasíða	4 F	4 S Hvítasunnud/Sjómennad	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M Annar i Hvítasunu	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrettándinn	6 M	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F Sumarfrí
7 S	7 M	7 F Hauksping - Lokab	7 M	7 M Þessur dagur fornbræðri - Sönglund i skólinu	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F Sumarfrí
8 M	8 F	Jötunheimar 8 ára Dagur leiss	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn einelli	8 F	8 S	8 M	8 L	8 M	8 F Myndlistasýning Jötunheima opnar 8-19maí	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Pálmasunnudagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M Sumarfrí
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M Dimmstund	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ Sumarfrí
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M Gullur dagur + söngstund i salnum	12 F Ömmu og afadagur	12 M	12 M Sumarfrí
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F Skírdagur	13 L	13 Þ	13 F Sumarfrí
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Skemmtanir og kaffi	14 F Fjöludagurinn langi	14 S	14 M	14 F Sumarfrí
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Litlu jólin	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F Hjóladagur	15 L
16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S Páskadagur	16 Þ Hjóladagur	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M Annar i Páskum	17 M	17 L Lýðveldisdagurinn	17 M Sumarfrí
18 F Starfsdagur 8-12 Opnum Múkan 12-3	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ Sumarfrí
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M Starfsdagur - Lokab vegna námsferðar	19 F Þvöttadagur	19 M	19 M Sumarfrí
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ	20 F Sumarfrí
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F Starfsdagur - Lokab vegna námsferðar	21 S	21 M	21 F Sumarfrí
22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þorlaksmessa	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Aftangadagur jóla	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L Útskriftarferð	24 M Sumarfrí
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladaur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Sumarfrí
26 F	26 M	26 L	26 M	26 F Annar i jólinu	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M Sumarfrí
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F Sumarfrí
28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Sumarfrí
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L Gamilsdagur	31 Þ		31 F	31 M	31 M		31 M Sumarfrí 8 og með 9 ágúst